

022/00 - M.b. Bjarni Svein SH-103

Bjarni Svein SH-103, skipverji slasast við að opna lestarlúgu þegar skipið var á siglingu

M.b. Bjarni Svein SH-103

Skipaskr.nr.: 1851

Smíðaður: í Garðabæ 1987 úr stáli

Stærð: 21,87 brl; 26,57 bt

Lengd: 14,95 m **Breidd:** 4,01 m **Dýpt:** 2,15 m

Vél: Ford 253,00 kW **Ágerð:** 1990

Annað:

Földi skipverja: 4



Bjarni Svein ©Bára Margrét Pálsdóttir

Atvikalýsing

Hinn 31. janúar 2000 var m.b. Bjarni Svein SH-103 að skelveiðum austur af Miðleiðaskeri á Breiðafirði.

Búið var að fylla kör er voru niðri og þurftu skipverjar að ná í fiskkar upp á efta þilfar en báturinn er yfirbyggður. Einn skipverja fór til að opna lestarlúku sem var á efta þilfari en þilfarið var ísað. Lamirnar á lestarlúkunni voru að aftan. Þegar hann hafði reist lestarlúku í lóðréttu stöðu til að láta hana falla niður á þilfarið hrasaði hann á þilfarinu og féll við. Í fallinu lenti hann með aðra hendina í mannopí á lestarlúkunni. Klemmdist hann á hendi og handlegg er líukan skall á þilfarinu.

Skipinu var siglt til hafnar um hálfri klukkustund síðar og hinum slasaða komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði sagðist hafa verið í stígvélum sem séu með góðum sólum sem gagnist vel í olíu og slori og sólarnir séu stamir á hálu gólfí.

Nefndarálit

Nefndin telur að skipverjinn sem fór upp á efta þilfar til að opna lestarlúku hefði átt að sýna meiri aðgæslu miðað við aðstæður á dekki.